

175. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs. 24. ágúst 2009, kl. 13:00 .

Mætt: Örn Þórðarson, Ragnheiður Hergeirsdóttir, Jón Hjartarson, Ólafur Áki Ragnarsson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson.

1. Starfsleyfi.

Umhverfisstofnun gaf út starfsleyfi fyrir urðunarstað Sorpstöðvar Suðurlands að Kirkjuferjuháleigu 13. júlí s.l. með gildistíma til 13. júlí 2025. Starfsleyfið kynnt.

2. Undirbúningur við nýjan urðunarstað.

Framkvæmdarstjóri og formaður gerðu grein fyrir þeirri vinnu sem fram hefur farið við leit og undirbúning að nýjum urðunarstað. Meðal annars lagður fram listi yfir lóðir sem eru til sölu og uppfylla grunnkröfur sem gerðar eru til urðunarstaða. Næsti fundur vinnuhóps um framtíðarþróun úrgangsmála á Suðurlandi hefur verið boðaður 4. september.

3. Grænt bókhald.

Sorpstöð Suðurlands hefur skilað Grænu bókhaldi. Framkvæmdarstjóri gerði grein fyrir helstu tölum. Grænt bókhald staðfest.

4. Metan.

Staða undirbúnings við metansöfnun á Kirkjuferjuháleigu kynnt .

5. Staðfesting svæðisáætlunar 2009-2020.

Þrjú sveitarfélög eiga eftir að taka fyrir svæðisáætlun.

6. Stjórnsýslukæra vegna útgáfu starfsleyfis.

Umhverfisráðuneytinu hafa borist stjórnsýslukæror vegna ákvörðunar UST um útgáfu starfsleyfis til SOS fyrir urðun úrgangs á Kirkjuferjuháleigu. SOS sendi 13. ágúst umsögn til ráðuneytisins vegna málsins.

7. Kynning á svæðisáætlun og framtíðarstefnu sveitarfélaga í sorpmálum.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir málinu.

8. Samráðsvettvangur.

Stjórn tilnefnir Örn Þórðarson fulltrúa í verkefnisstjórn samráðsvettvangs um framkvæmd svæðisáætlunar.

9. Önnur mál.

a. Viðbragðsáætlun vegna flensu. Framkvæmdastjóra falið að útfæra fyrstu tillögur að viðbragðsáætlun.

- b. Lagt fram ódagsett bréf frá mannvirkja- og umhverfisfulltrúa Hveragerðisbæjar. Framkvæmdastjóra falið að upplýsa um að verið sé að vinna fyrstu tillögur um viðbrögð við influensufaraldri.
- c. Haustfundur SASS / aðalfundur SOS 15. – 16. október. Undirbúningur hafinn.
- d. Förgun ehf. Framkvæmdastjóri upplýsti um stöðu Förgunar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 15:10